

Fundargerð

3. fundur fræðslu- og menningarnefnd haldinn, 5. október 2006 á Bakkafirði.

Mætt : Hilma Steinarsdóttir, Óskar Haukur, Arnar Einarsson, Steinunn Guðnadóttir, Helgi Tryggvason, Eyrún K. Júlíusdóttir, María Guðmundsdóttir, Rósa Magnúsdóttir, Guðni Hauksson og Sigurður Jóhannes Jónsson.

Dagskrá.

1. Mál. Farið yfir nokkur atriði frá fundargerðum 18. ágúst og 7. september 2006.

18. ágúst, 2006.

- Verð á leiktækjum. Samþykkt var að nefndin tæki málið upp við hreppsnefnd til að upplýsa hvar málið væri státt.
- Bréf til foreldra. Jóhannes og Hilma taka að sér að semja drög og senda nefndarmönnum til yfirlestrar.
- Könnun á þörf á skóladagheimili. Niðurstaða: Hún sýndi að lítil eftirspurn er eftir þannig þjónustu.

7. september, 2006.

- Undanþága fyrir Þórunni er komin.
- Sund á miðvikudögum fyrir börn á Bakkafirði. Málið rætt.
- Þagnarskylda. Eftirfarandi bókun var lögð fram og samþykkt samhljóða.
“Fræðslu- og menningarmálanefnd samþykkir að nefndarmenn og starfsmenn sem sitja fundi nefndarinnar skuli gæta þagnarskyldu um öll persónuleg málefni sem koma inn á borð nefndarinnar. Þessi þagnarskylda gildir áfram þó viðkomandi hætti störfum í nefndinni. Fundarmenn samþykkja þessa bókun með undirskrift sinni í lok fundargerðar þessa fundar”.

2. Mál. Skýrsla leikskólastjóra.

- Steinunn fræddi fundarmenn um þemaviku sem í gangi er. Nýir starfsmenn komnir til starfa og koma ágætlega út. Aðstaða fyrir kennara hefur batnað mikið, þó vantar nettengda tölvu fyrir þá. Leikskólinn er búinn að fá ný borð og stóla.
- Rósa sagði frá því að ný húsgögn væru væntanleg. Átak er í gangi með að gera starfið sýnilegt. Endurnýja þyrfti eldhústæki í mötuneyti.

3. Mál. Skýrsla grunnskólastjóranna.

- Arnar sagði frá því að agavandamál væri það sem helst hefði borið á og virtist erfitt að uppræta þau. Áfram væri unnið í málinu. Farið var í réttir um daginn og í þessari viku er þemavika í gangi og skólastarfið brotið upp. Hefur það gengið vel fyrir utan agavandamál hjá ákveðnum hóp drengja. Nokkrar umræður urðu um það mál. Ut er komið ritið Fontur skólanámsskrá skólaárið 2006-2007.
- María og Eyrún sögðu frá starfinu á Bakkafirði. Öll börn fá nú enskukennslu. Hópurinn er mjög samstilltur og gengur skólastarfið mjög vel. Eftirfarandi bókun var samþykkt “Fræðslu- og menningarráð lýsir stuðningi við stjórnendur Grunnskólans á Þórshöfn við að berjast gegn agavandamálum í skólanum. Við hvetjum til að fengin verði utanaðkomandi aðstoð fagfólks ef talin er þörf á því.

4. Mál. Önnur mál.

Rædd voru mál tónlistarskólans og spurningum velt upp og svarað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00.

Guðni Hauksson, ritari.